

Reglur um ferðapjónustu fatlaðra

í uppsveitum Árnassýslu og Flóa

Í uppsveitum Árnassýslu og Flóa er sameiginleg félagsmálanefnd Grímsnes-og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Bláskógabyggðar og Flóahrepps.

1. Markmið.

Markmið ferðapjónusta fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tólmstunda. Við mat á þjónustuþörf er haft að leiðarljósi geta og færni umsækjanda.

2. Hlutverk.

Hlutverk ferðapjónustu fatlaðra er að veita fötluðum ferðir til vinnu, skóla og endurhæfingar. Fjöldi ferða til annarra erinda er takmarkaður við 12 ferðir á mánuði og heildarfjöldi ferða á mánuði er takmarkaður við 60 ferðir á mánuði. Ferð er skilgreind í reglunum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka. Þurfi fatlaður einstaklingur á ferðapjónustu að halda, skal hann eða forsvarsmaður hans sækja um ferðapjónustu til félagsmálastjóra, sem metur þörf hans fyrir þjónustuna.

3. Réttur til þjónustu.

Rétt til ferðapjónustu fatlaðra eiga þeir íbúar uppsveita Árnassýslu og Flóa, sem eru bundnir í hjólastól, eru blindir eða eru af öðrum orsökum ófærir um að nýta sér almenningsfarartæki eða almennar samgöngur vegna annarar fötlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita 67 ára og eldri ferðapjónustu þrátt fyrir að ekki liggi fyrir skyldur sveitarfélaga til slíkrar þjónustu samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

1) Hafi umsækjandi um ferðapjónustu verið metinn til 75% örorku frá 16 ára aldri hjá Tryggingastofnun ríkisins skal hann að uppfylltum skilyrðum 1. gr. fá þjónustu skv. 2. gr. þessara reglna.

2) Aðrir geta fengið ferðapjónustu í sjúkraþjálfun eða vegna reglubundnar meðferðar á sjúkrastofnun, en við það skal miðað að heildarfjöldi ferða verði ekki fleiri en 36 á ári.

4. Stjórn og yfirumsjón.

Félagsmálanefnd fer með stjórn ferðapjónustu fatlaðra á vegum sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu. Félagsmálastjóri hefur umsjón með ferðapjónustu fatlaðra, hefur faglega ábyrgð á þjónustunni og metur þjónustuþörf.

5. Umsókn.

Umsókn um ferðapjónustu fatlaðra skal vera skrifleg. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda, óskir um ferðafjölda og í hvaða tilgangi þær eru farnar. Þá skulu koma fram upplýsingar um fötlun umsækjanda og hvort hann hafi umráð yfir bifreið. Þá skal umsækjandi leggja fram staðfestingu sérfræðings um þörf á ferðapjónustu, fjölda ferða og tímalengd þjálfunar eða endurhæfingar þar sem það á við.

Umsókn um ferðaþjónustu sendist til Félagsþjónustu, Heilsugæslunni Laugarási, 801 Selfoss.

Farþegum er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann. Einnig getur ferðaþjónustan krafist fylgdarmanns með farþega, telji hann slíks þörf.

6. Þjónustusvæði og fyrirkomulag þjónustu.

Þjónustusvæði er innan marka sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu hjá íbúum þar en innan hrepps og á Selfoss hjá íbúum Flóahrepps. Farþegar skulu greiða gjald samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Þetta á einnig við um fylgdarmenn. Gjaldið er greitt bílstjóra við upphaf ferðar.

7. Málsmeðferð, málskotsréttur umsækjanda og gildistími reglna.

Ákvörðun um ferðaþjónustu fatlaðra er tekin af félagsmálanefnd. Úthlutunartímabil ferðaþjónustu eru þrjú á hverju ári, 1. janúar-31. maí, 1. júní til 31. ágúst og 1. sept. til 31. desember.

8. Synjun.

Umsækjendum sem er synjað um ferðaþjónustu skal svarað skriflega, þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar. Jafnframt skal umsækjanda bent á málskotsrétt sinn.

9. Áfrýjun.

Telji hinn fatlaði að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðarmanni, sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Skal það gert innan fjögurra vikna frá dagsetningu synjunarbréfs. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð.

Reglur þessar eru settar skv. 35. gr. og 9. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur uppsveita um ferðaþjónustu fatlaðra samþykktar af félagsmálanefnd 05.11.2001 og endurskoðaðar reglur frá 27.03.2007.

Samþykkt af félagsmálanefnd uppsveita Árnassýslu á fundi hennar 03.02.2009

Samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 24.03.09

Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 11.03.09

Samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps 11.03.09

Samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps 06.03.09

Samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 05.05.09